

## Punkturinn 5.tbl. 2010 - Fréttabréf um skattamál

### Lýsing hf. gegn Guðlaugi Hafsteini Egilssyni

#### Hæstaréttardómur nr. 471/2010 Lýsing gegn Guðlaugi H. Egilssyni - vaxtadómur vegna gengislána

Í þessu máli var fjallað um hvaða vextir ættu að gilda á láni samkvæmt bílasamning Lýsingar. Samningurinn var sambærilegur þeim samningum sem Hæstréttur hafði fjallaði um í þeim gengistrygginga dómum sem féllu 16. júní sl. Ekki var ágreiningur á milli Lýsingar og G um að af dómi Hæstaréttar í máli nr. 153/2010, sbr. mál nr. 92/2010, leiddi að ákvæði um gengistryggingu í samningi þeirra væru ógild. Á hinn bóginn greindi aðila á um hvort og þá hvaða áhrif þetta hefði á vexti af láninu.

Í áður nefndum dómum Hæstaréttar, dags. 16. júní sl., var komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði um gengistryggingu lána væru ógild. Hæstiréttur sagði þá niðurstöðu hafa verið reista á því að slík gengistrygging bryti í bága við ófrávikjanlegar reglur laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, en að hvorki hefði verið byggt á ákvæðum samningalaga nr. 7/1936 né ólögfestum reglum fjármunaréttar um ógildingu samninga.

### LIBOR vextir hefðu aldrei boðist á lánum í íslenskum krónum

Vextir samkvæmt samningi málsaðila voru tengdir við LIBOR vexti þeirra mynta, sem hin ógilda gengistrygging miðaðist við. Hæstiréttur sagði það fullljóst að slík vaxtakjör gætu ekki komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu þess, sem nú lægi fyrir að óheimilt hafi verið að kveða á um. Þá sagði Hæstiréttur að þar sem ákvæði í samningnum um gengistryggingu hefðu verið metin ógild væru skuldbindingar G við Lýsingu að öllu leyti í íslenskum krónum og algerlega óháðar þeirri tengingu við þær erlendu myntir, sem aðilarnir gengu út frá við gerð samningsins. Hæstiréttur sagði að þar sem ákvæðið um gengistryggingu væri ógilt og bein og órjúfanleg tengsl á milli þess ákvæðis og fyrirmæla þar um vexti væri hvorki unnt að styðjast við þau fyrirmæli óbreytt eftir orðanna hljóðan né gefa þeim með skýringu annað inntak, enda lægi fyrir í málinu að á millibankamarkaði í London hafa aldrei verið skráðir LIBOR vextir af lánum í íslenskum krónum. Það var því niðurstaða Hæstaréttar að óhjákvæmilegt væri að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiddi til þess að líta verði með öllu fram hjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð.

### Ógildi ákvæðis um gengistryggingu leiðir til þess að líta verður hjá vaxtaákvæðum

Í lánasamningnum var ekki mælt fyrir um að skuldbindingin ætti að fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs, (aðal- og fyrsta varakrafa Lýsingar). Þar af leiðandi sagði Hæstiréttur að hvorki væri unnt að gefa samningnum það inntak með skýringu né gætu lög leitt til þeirrar niðurstöðu. Hæstiréttur sagði hinsvegar að þar sem samningurinn kvæði á um að skuldin skyldi bera vexti, þótt fyrirmælum um hæð þeirra yrði ekki beitt, væri óhjákvæmilegt að líta svo á að atvik svari hér til þess að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera. Hæstiréttur vísaði að svo stöddu til 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 og sagði að þegar svo stæði á skyldu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum.

### Vextir miðast við lægstu vexti Seðlabankans af nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum

Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu hins áfrýjaða héraðsdóms um að vextir umrædds láns skyldu miðast við lægstu vexti Seðlabanka Íslands af nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum. Í dómi Hæstaréttar var ekki byggt á neytendasjónarmiðum og því gæti niðurstaðan verið fordæmisgefandi fyrir þá lántakendur sem eru fyrirtæki. Þar sem þessi dómur byggði á ólögumtengi gengistryggingu í bílálánasamning verður að setja fyrirvara um að heimfæra hann algerlega yfir á aðra lánasamninga þar sem samningsákvæði þeirra geta leitt til annarra niðurstöðu.

#### Breyting frá 09. september 2010 á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, ásamt síðari breytingum, og um ráðstöfun gjaldsins árið 2010

### Iðnaðarmálagjald fellur niður frá og með 1.janúar 2011.

Í nýsamþykktum lögum um iðnaðarmálagjald kemur fram að gjaldið verður lagt á í síðasta sinn vegna rekstrarársins 2009. Einnig kemur fram að gjaldið sem lagt er á 2010 vegna rekstrarársins 2009, renni í ríkissjóð. Skal tekjunum varið til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar í iðnaði eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Lögin skulu þó halda gildi sínu vegna álagningar 2010 á einstaklinga og lögaðila vegna rekstrarársins 2009 og endurávarðana vegna eldri gjaldára. Tílefni breytinganna er dómur Mannréttindadómstóls Evrópu um iðnaðarmálagjald frá 27. apríl 2010. Í dómnum var komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmd laga um iðnaðarmálagjald sé í andstöðu við 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem kveður á um funda- og félagafrælsi. Áður hafði hæstiréttur tvívegis

dæmt iðnaðarmálagjaldið lögmætt. Af dómi Mannréttindadómstólsins má ráða að gjaldtakan sem slík hafi ekki verið ólögmæt, heldur er það útfærsla á ráðstöfun gjaldsins og framkvæmd sem er í andstöðu við áður nefnt ákvæði. Í fyrsta lagi átaldir dómurinn skilgreiningu laganna á því hvernig iðnaðarmálagjaldinu skyldi varið og í öðru lagi að gjaldið væri ekki nægjanlega skýrt aðgreint frá fjárreiðum Samtaka iðnaðarins. Í þriðja lagi átaldir dómurinn að opinbert eftirlit með ráðstöfun gjaldsins hafi ekki verið nægilega skýrt eða skilvirkt og engar skorður settar við því hvernig samtökin nýta það.

Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum kemur að auki fram að þrátt fyrir að ekki sé talið að dómurinn leiði sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að gjaldtakan sé með öllu óheimil, þá er það nokkuð útbreidd skoðun að rétt sé að hætta innheimtu gjaldsins. Hafi Samtök iðnaðarins sjálf beint þeim tilmælum til iðnaðarráðherra um að gjaldtökunni verði hætt.

### Ákvarðandi bréf nr. 2/2010. Heimilisfesti SICAV fjárfestingarsjóðs skv. tvísköttunarsamningi

Í ákvarðandi bréfi nr. 2/2010, frá 4. mars 2010, svaraði ríkisskattstjóri því hvort SICAV fjárfestingarsjóður stofnsettur í Lúxemborg beri skattskyldu á Íslandi skv. 8. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til tvísköttunarsamnings, og þurfi því að sæta afdrætti af vaxtatekjum frá Íslandi skv. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Var því einnig svarað hvort sjóðurinn teldist heimilisfastur skv. 4. gr. tvísköttunarsamningsins og nyti því hagræðis af 11. gr. hans þar sem kveðið er á um að vextir skuli skattlagðir í heimilisfestarríki móttakanda vaxtagreiðslna.

Í bréfi ríkisskattstjóra kemur fram að samkvæmt 1. gr. tvísköttunarsamnings á milli Lúxemborgar og Íslands tekur samningurinn til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum samningsríkjum. Í 1. tölul. 4. gr. er skilgreining á hugtakinu „heimilisfastur aðili“. Segir þar að hugtakið merki hvern þann aðila sem samkvæmt lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna búsetu, heimilisfesti, aðseturs stjórnar eða af öðrum svipuðum ástæðum. Að auki er tekið fram að hugtakið nái ekki til aðila sem eingöngu er skattskyldur í öðru ríki af tekjum sem eiga uppruna sinn í því ríki eða af eignum sem eru þar staðsettar. Af því sé ljóst að samningurinn geri fulla og ótakmarkaða skattskyldu að skilyrði fyrir því að aðili geti talist heimilisfastur í skilningi samningsins. Einnig er í 28. gr. samningsins tekið fram að samningurinn taki ekki til svokallaðra 1929 eignarhaldsfélaga, né til fyrirtækja sem svipuð fjármálagöggjöf gildir um í Lúxemborg.

Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra um SICAV fjárfestingarsjóði, þá eru slíkir sjóðir ekki tekjuskattskyldir í Lúxemborg, heldur greiði aðeins árlegt skráningargjald af stofnfé. Þar sem tvísköttunarsamningurinn taki ekki til fyrirtækja sem lúti svipaðri fjármálagöggjöf og 1929 eignarhaldsfélögin og með hliðsjón af tilgangi tvísköttunarsamninga sem er að koma í veg fyrir tvísköttun, er það álit ríkisskattstjóra að SICAV fjárfestingarsjóður telst ekki heimilisfastur aðili samkvæmt samningnum.

### Ákvarðandi bréf nr. 3/2010. Skattskylda vaxta – viðskipti með skuldabréf milli erlendra aðila

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 3/2010, frá 6. maí 2010, var óskað eftir því að eftirfarandi túlkun á 8. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt, væri staðfest:

*„Ef um er að ræða sölu kröfu og íslenskur aðili er skuldari, frá einum aðila til annars erlends aðila þar sem sá fyrrnefndi hagnast þá telst slíkur hagnaður ekki skattskyldur á Íslandi á grundvelli 3. gr. laga nr. 90/2003, sbr. og 8. tölul. 3. gr.“*

Fram kemur í bréfinu að í 8. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt er kveðið á um að þeir aðilar sem hafa vaxtatekjur hér á landi af tilteknum eignum beri að greiða tekjuskatt af þeim vöxtum. Hafi framangreint ákvæði verið lögfest með 6. gr. laga nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Í athugasemdum með 6. gr. í því frumvarpi sem varð að fyrrnefndum lögum kemur eftirfarandi fram:

*„Hér er lagt til að aðilar með heimilisfesti og skattskyldu utan Íslands beri hér á landi takmarkaða skattskyldu vegna vaxta sem þeir fá greidda af bankareikningum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum og öðrum kröfum og fjármálagerningum hér á landi. Ákvæðið á við um þá vexti sem íslenskir skattaðilar greiða erlendum aðilum.“*

SICAV fjárfestingarsjóður telst ekki heimilisfastur aðili skv. tvísköttunarsamningi á milli Íslands og Lúxemborg.

Vextir sem myndast við kaup og sölu á íslenskum kröfum milli tveggja erlendra aðila eru ekki skattskyldar.

Var það álit ríkisskattstjóra með vísun í framangreint að þeir vextir sem myndast við kaup og sölu á íslenskum kröfum milli tveggja erlendra aðila, þ.e. þeirra aðila sem ekki bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu skv. 1. eða 2. gr. laga um tekjuskatt, séu ekki skattskyldir skv. 8. tölul. 3. gr. sömu laga og þurfi þar af leiðandi ekki að halda eftir staðgreiðslu skv. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

#### Ákvarðandi bréf nr. 4/2010. Mat á hlutabréfum vegna ákvörðunar á stofni til auðlegðarskatts

Í ákvarðandi bréfi nr. 4/2010, frá 6. júlí 2010, svarar ríkisskattstjóri fyrirspurn um túlkun 2. mgr. b. liðar ákvæðis til bráðabirgða XXXIII. í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 24. gr. laga nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins.

#### Undantekning frá

**meginreglunni um mat á hlutabréfum og hlutdeild í félögum til eignar vegna ákvörðunar á stofni til auðlegðarskatts.**

Í bréfinu segir að með framangreindu ákvæði sé gerð undantekning frá þeirri meginreglu um mat á hlutabréfum og hlutdeild í félögum til eignar sem kveðið er á um í 5. tölul. 73. gr. laga um tekjuskatt. Í 2. mgr. b. liðar bráðabirgðaákvæðisins er kveðið á um að til eignar skuli telja, í stað nafnverðs, annað hvort markaðsvirði ef um er að ræða hlutabréf í félögum sem skráð eru í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, eða hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins samkvæmt framtali þess. Þann hluta virðis eignarhluta í félagi sem reiknaður er á þennan hátt og sem umfram er nafnverð eða stofnverð skuli telja fram í framtali 2011, 2012 og 2013. Samkvæmt þessu skal í skattframtali árið 2010 almennt telja hlutabréf til eignar á nafnverði eða eftir atvikum stofnverði.

Í bréfinu er ítrekað að almenna reglan sé sú að telja skuli fram til eignar nafnverð hlutabréfa og stofnfjáreigna eða eftir atvikum stofnverð. Heimilt er að víkja frá þessari meginreglu ef raunvirði hlutafjár og eignarhluta í félagi er lægra en nafnverð eða stofnverð sbr. 1. másl. 5. tölul. 73. gr. tekjuskattslaganna. Í skattframtölum fyrir árin 2011, 2012 og 2013 skuli því til viðbótar telja fram virði eignarinnar sem er umfram nafnverð eða stofnverð á þann hátt sem bráðabirgðaákvæðið kveður á um og fjallað var um hér að framan. Ef virði hlutabréfa og eignarhluta í félögum sem metið er á framangreindan hátt, þ.e. ekki umfram nafnverð eða stofnverð eignarhlutans, þá skuli miða eignarfærslu í skattframtali í samræmi við meginregluna, þ.e. nafnverð og stofnverð.

Í bréfinu leggur ríkisskattstjóri áherslu á að ef víkja eigi frá meginreglunni sé það undir gjaldendum komið að sýna fram á að miða beri við annað verð til eignar en nafnverð eða stofnverð eignarhluta í félagi. Það þarf því að sanna að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess. Er ekki nægjanlegt í því sambandi að miða eingöngu við verð eigna samkvæmt skattframtali viðkomandi félags, heldur eigi að miða við raunvirði eigna. Rík skylda hvíli því á eigendum að sýna fram á raunverulega eignastöðu hvers félags um sig. Fyrir því þurfa að vera rökstuddar skýringar og eftir atvikum gögn. Í þessu sambandi sé skýrt að slíkt mat getur aldrei orðið lægra en 0 kr. Neikvæð eignarstaða eins félags getur því ekki haft þau áhrif að eignarhlutur í öðru félagi sé lækkaður við útreikning á stofni til auðlegðarskatts.


Það hefur orðið nokkur umræða meðal forsvarsmanna fyrirtækja vegna þessa bréfs. Hefur þar verið bent á, að ekki sé eðlilegt, í því efnahagssumhverfi sem fyrirtæki starfa í, að auka skattheimtu með þessari túlkun ákvæðisins. Hefur í því samhengi verið bent á að þessi túlkun fari gegn skýrum lagatextanum og vegna efnahagssumhverfisins eru mörg félög með neikvætt eigið fé, vegna lána sem breytast á daggengi íslensku krónunnar. Af þessum ástæðum er erfitt að taka undir þessa þröngu túlkun ríkisskattstjóra á bráðabirgðaákvæðinu og ljóst að á þetta verður látið reyna fyrir dómi.

#### Ákvarðandi bréf nr. 5/2010. Auðlegðarskattur og eignarhald í erlendum óskráðum félögum

Í ákvarðandi bréfi nr. 5/2010, frá 6. júlí 2010, fjallar ríkisskattstjóri um túlkun og framkvæmd b. liðar ákvæðis til bráðabirgða XXXIII. í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 24. gr. laga nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, þegar um er að ræða eignarhald í erlendu óskráðu félagi. Ríkisskattstjóri telur að þegar lögaðilar og einstaklingar sem skattskyldir eru hér á landi eiga hlut í erlendu félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði, þá skuli miða verðmæti eignarhluta í skattframtali viðkomandi eiganda við skattalegt bókfært eigið fé hins erlenda félags samkvæmt skattframtali í heimalandi þess. Enda sé það byggt á sambærilegum reglum sem gilda í þessum efnunum á Íslandi.

**Verðmæti eignarhluta í erlendu félagi skal miða við skattalegt bókfært eigið fé skv. skattframtali heimalands þess.**

Ef skattareglur eru verulega frábrugðnar því sem hér gildir, eða það er miklum annmörkum bundið að nálgast þessar upplýsingar, er það álit ríkisskattstjóra að unnt sé að fallast á að byggj sé á ársreikningi viðkomandi félags, enda sé hann byggður á almennum reikningssskilareglum. Er þá litið til þess grundvallaratriðis að tilgreind fjárhæð til auðlegðarskatts sé sem næst raunvirði eignarhluta í hverju félagi fyrir sig, hvort sem um erlent eða innlent félag er að ræða. Tekur ríkisskattstjóri sérstaklega fram að ef um er að ræða félag sem einnig á sjálft hluta í öðrum félögum ber að leiðrétta eignfært virði á sama hátt með tilliti til raunverulegs virði þeirra félaga, reiknað í samræmi við 1. gr. b. liðar bráðabirgðaákvæðis XXXIII í lögum um tekjuskatt.




**Sömu sjónarmið eiga við um afdrátt staðgreiðslu skatts á dráttarvexti og almennra vaxta.**

### Ákvarðandi bréf nr. 6/2010. Staðgreiðsla af dráttarvöxtum – ákvörðun skatthlutfalls

Í ákvarðandi bréfi nr. 6/2010, frá 19. ágúst 2010, tekur ríkisskattstjóri fram að engin sérsjónarmið eigi við um hvaða ákvæði laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, eigi við þegar um afdrátt staðgreiðslu skatts á dráttarvexti er að ræða. Verður að líta til fyrirliggjandi kröfu í hvert og eitt sinn þegar ákvarða eigi á hvaða ákvæði framangreindra laga skuli byggja afdráttarstofn. Eiga því sömu sjónarmið við og þegar um almenna vexti er að ræða.

Í bréfinu fjallar ríkisskattstjóri um staðgreiðslu skatts á vaxtatekjur, þar með talda vexti af vixlum, verðbréfum, verðbótum og öllum öðrum kröfum sem bera vexti. Þegar um slíkar vaxtatekjur er að ræða ber, eftir atvikum, að halda eftir staðgreiðslu skatta á vexti, þ.á.m. dráttarvexti, þegar krafan er greidd.

Í 2. tölul. 8. gr. laga um tekjuskatt segir að telja skuli vexti af kröfu til tekna þegar þeir eru greiddir eða greiðslukræfir. Við ákvörðun staðgreiðslu skatts á vexti af þeim kröfum á samkvæmt þessu að miða við það skatthlutfall sem í gildi var, er þeir urðu greiðslukræfir hafi þeir ekki verið greiddir. Á það við hvort sem um er að ræða dráttarvexti eða almenna samningsvexti.



**Útvarpsgjald telst ekki vera frádráttarbær kostnaður.**


### Ákvarðandi bréf nr. 7/2010. Frádráttarbærni útvarpsgjalds

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 7/2010, frá 26. ágúst 2010, kemur fram að útvarpsgjald sem einstaklingum og lögaðilum er gert að greiða samkvæmt 11. gr. laga nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., telst ekki vera frádráttarbær rekstrarkostnaður í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt. Enda eru útvarpsgjöldin ekki til þess að afla rekstrartekna, tryggja þær eða halda þeim við. Almenn gildir að álagðir skattar samkvæmt lögum um tekjuskatt og gjöld álögð samkvæmt sérstökum lögum þar um teljast ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður. Er gjaldfærsla því óheimil nema sérstaklega sé kveðið svo á í viðkomandi lögum.

Ekkert slíkt ákvæði er að finna í lögum um Ríkisútvarpið ohf. sem álagning útvarpsgjalds er byggð á, né í lögum um tekjuskatt. Jafnframt tekur ríkisskattstjóri fram að útvarpsgjald er skattur sem lagður er á, óháð notkun útvarps og sjónvarps og er því ekki afnotagjald. Gjaldið renni í ríkissjóð og er því ekki með öllu sambærilegt öðrum álögðum gjöldum sem renna t.d. til félagasamtaka sem starfa í þágu viðkomandi starfsgreina. Af þessari ástæðu telur ríkisskattstjóri að ekki sé heimilt að færa útvarpsgjald til frádráttar á móti rekstrartekjum.

### Frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, um virðisaukaskatt og um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna)

Með dómi Hæstaréttar þann 21. júní 2010 í máli nr. 372/2010 staðfesti rétturinn úrskurð héraðsdóms þar sem felld var úr gildi ákvörðun sýslumanns um að krafa tollstjóra um kyrrsetningu á eignum aðila vegna rökstudds gruns um refsivert brot gegn lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, næði fram að ganga. Málið varðaði hvort ákvörðun sýslumanns um kröfu Tollstjórans um kyrrsetningu eigna næði fram að ganga og væri í samræmi við 113. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 1. gr. laga nr. 23/2010, en í þeirri grein er ekki minnst á aðra refsiverða háttsemi en þá sem varða við brot á tekjuskattslögum. Dómurinn er reifaður í 3. tölublaði Punktisins.



**Stendur til að lagfæra lagaheimild til kyrrsetningu vegna skattalagabrota.**

Hið nýja frumvarp er ætlað að aðlaga skattalöggjöf til samræmis við niðurstöðu dómsins þannig að heimild til að krefjast kyrrsetningar á eignum aðila sem til rannsóknar eru, nái, auk brota á lögum um tekjuskatt, til brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Þannig stendur til að lögfesta heimildir til kyrrsetningar vegna annarra skattalagabrota en tekjuskatts. Enginn breyting verður á kyrrsetningarheimildinni að öðru leyti, enda eru hin nýju breytingarákvæði samhljóða þeim sem fyrir er í 6.-9. mgr. 113. gr. tskl., sbr. 1. gr. laga nr. 23/2010, sem einskorðast, skv. dómi hæstaréttar, við refsiverða háttsemi sem varða við brota á tekjuskattslögum.

### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 2010 í máli nr. E-10220/2009

Málið varðaði úrskurð yfirsattanefndar frá 20. maí 2009 í máli nr. 93/2009, þar sem kærður var til nefndarinnar úrskurður skattstjóra, en stefnandi taldi úrskurðinn ólögmatan. Stefnandi hafði keypt sjúkdómatryggingu árið 2000 af bresku líftryggingarfélagi og fékk greiddar bætur úr tryggingunni vegna sjúkdóms á árinu 2007 og taldi þær fram á skattframtali sínu sem skattfrjálsar tekjur. Skattstjóri taldi að skattleggja ætti bæturnar. Sætti álagningin kæru af hálfu stefnanda sem leyst var með úrskurði skattstjóra, sem stefnandi kærði til yfirsattanefndar þar sem kröfum stefnanda var hafnað.

Ágreiningur málsaðila snéri að því hvort váttryggingarbætur þær er stefnandi fékk falli undir ákvæði 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og hvort greiðsla breska líftryggingarfélagsins til stefnanda geti talist til „greiðslu líftryggingafjár“ í skilningi 2. tölul. 28. gr. sömu laga og þannig undanþeginn tekjuskatti.

Taldi stefnandi að bæturnar falli ekki undir 2. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaganna, þar sem um eingreiðslu á váttryggingarbótum sé að ræða, sem ekki verði taldar til tekna, eins og ráðið verði af 2. tölul. 28. gr. laganna, en þar segir að eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu, teljist ekki til tekna. Vísaði hann jafnframt til ákvæða reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignaskatt, þessu til stuðnings.

Héraðsdómur taldi að hvorki verði ráðið af 2. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt né af lagaákvæðum í lögum um váttryggingasamninga eða reglugerðarákvæðum, sem vísað var til af hálfu stefnanda, að umræddar váttryggingabætur, sem stefnandi fékk greiddar, teljist greiðsla á líftryggingafé í skilningi laga um váttryggingasamninga. Var ekki talið að hinar umdeildu tryggingabætur vegna sjúkdóms kæranda gætu talist „greiðsla líftryggingafjár“ í skilningi 2. tölul. 28. gr. tekjuskattslaganna. Var niðurstaða dómsins sú að umræddar tekjur eru tekjuskattskyldar skv. 2. tölul. A-liðar 7. gr. sömu laga.

### Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum:



#### Vala Valtýsdóttir

Yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs  
Sími: 580-3036  
vala.valtyisdottir@deloitte.is

### Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,  
yfirmaður skatta- og lögfræðisvið Deloitte

### Ritstjóri:

Pétur Steinn Guðmundsson,  
lögfræðingur skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 140 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, Deloitte Global Services Limited, Deloitte Global Services Holdings Limited, the Deloitte Touche Tohmatsu Verein, any of their member firms, or any of the foregoing's affiliates (collectively the "Deloitte Network") are, by means of this publication, rendering accounting, business, financial, investment, legal, tax, or other professional advice or services. This publication is not a substitute for such professional advice or services, nor should it be used as a basis for any decision or action that may affect your finances or your business. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.